

Óskað er eftir tilnefningum til foreldraverðlauna 2007

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla verða veitt í 12. sinn þann 15. maí nk. Auk þess verða veitt hvatningarverðlaun til einstaklinga og skóla ef tilefni þykir til.

Efnisyfirlit

Foreldraverðlaun	1
Vissir þú að...	1
Hvað er framundan?	1
Fulltrúaráðsfundur	2
Frábært framtak	2
Upplestrarkeppnin	2
Líðan unglíngja	3
Fréttir frá foreldráði	4
Hvað gera foreldraráð og foreldrafélag?	4
Öskudagur	5
Dagskráin framundan	5
Félagsgjöld	5

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga, sveitarfélög og skóla sem hafa stuðlað að árangursríkum leiðum við að efla samstarf foreldra og kennara jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla því að brúa bilið milli foreldra og nemenda

Í ÁR VERÐUR SÉRSTAKLEGA HORFT TIL EFTIRFARANDI VIÐFANGSEFNA:

- Markvisst, öflugt og skipulagt starf foreldraráðs eða foreldrafélaga.
- Þróunarverkefna sem taka til samstarfs heimila og skóla.
- Nýbúafræðslu þar sem markvisst er unnið með foreldrasamstarf
- Sveitarfélög sem styðja markvisst við foreldrasamtök og foreldra í sínu sveitarfélagi.

Tilnefningaraðilar eru foreldrafélög, foreldraráð, kennarar, skólustarfsmenn, skólastjórar, skólanefndir, nemendur, sveitarstjórnarmenn eða einstaklingar. Senda skal inn tilnefningar á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á www.heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er **4. apríl 2007**.

Meðal verkefna sem hafa hlotið verðlaunin undanfarin ár er einmitt stóra upplestrarkeppnin.

Vissir þú að...

..... Sölvi Rögnvaldsson í 7. bekk Valhúsaskóla vann stóru upplestrarkeppnina - glæsilegt!

.....það stendur til að eyða töliverðum fjármunum til að taka skólalóð Mýró í gegn og verður byrjað á því á næsta ári

..... heimasíðan www.nesforeldrar.is er uppfærð reglulega og er tilvalinn vettvangur foreldra til að leita sér upplýsinga og hafa samband

.....stemmingin í matsal Való hefur stórbatnað með betri umgengni og raðamenningu!

..... á www.selið.is er hægt að sjá hvað unglíngarnir eru að gera.....

..... þrátt fyrir mikla baráttu hefur því miður ekki gerst mikið í að krakkarnir í Való fái betri mat. Við skorum á skólafyrirvöld að gera eitthvað í þessum málum - strax!

..... foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness býður nemendum í leikhús á hverju ári!

.....krakkarnir í Valhúsaskóla sópuðu til sín verðlaunum í stærðfræðikeppni MR um daginn? Klárir krakkar!!!!

... foreldrafélaginu og foreldraráði finnst mjög gaman að heyra frá ykkur!!! Hugmyndir, gagnrýni og hrós - allt vel þegið

Framundan?

Páskafríð þann 30. mars – 10. apríl

Aðalfundur foreldrafélags/foreldraráðs þann 24. apríl klukkan 20:00.


10. bekkjarferð

10. bekkjarball

Vorhátíð þann 7. júní í Mýrarhúsaskóla

Skólaslitið þann 8. júní

Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla



*Við megum greinilega
taka okkur á í
málefnum unglunga hér
á seltjarnarnesi skv
nýrri skýrslu frá
Rannsókn og
greiningu.....*

FRÁBÆRT FRAMTAK - ÞIÐ EIGIÐ HRÓS SKILIÐ:

- ❖ Starfsfólk Selsins! Þið eruð frábær, takk fyrir okkur!
- ❖ Ölgerðin fyrir allan Frissadjúsinn og Dorritos flögurnar á öskudaginn!!
- ❖ Bónus á nesinu fyrir liðlegheit við foreldrafélagið-aldrei nein vandamál þar, mega alls ekki yfirgefa okkur!
- ❖ Foreldrarnir sem eru alltaf til í að koma og hjálpa-margar hendur vinna létt verk!
- ❖ Valgeir Guðjónsson fyrir brennusönginn-kom okkur í Fréttablaðið.....
- ❖ Álfahjónin sem komu alla leið úr Mosó
- ❖ Allir sem komu til að steikja laufabraud á laufabrauðsdaginn, bæjarfulltrúar og foreldrar, alltaf góð stemmingi þar!
- ❖ Krakkararnir í Való fyrir að tileinka sér nýja síði í mötuneytinu á met tíma og halda þeim þökkalega
- ❖ Bekkjarfulltrúar og foreldrar fyrir að standa sig frábærlega í foreldraröltinu-amk oftast!!!
- ❖ Margir bekkjarfulltrúar hafa staðið sig framúrskarandi vel og skapað frábæran bekkjaranda með ýmsum uppakomum
- ❖ Handboltastelpur úr Gróttu sem lífguðu upp á brennuna með búningum og sprelli
- ❖ Leifur í Selinu sem var frábær kynnrir á öskudagsskemmtuninni fyrir eldri krakka
- ❖ Kári lúðraveitarstjóri-hann lífgar mikið upp á skóla- og bæjarlífið



Fulltrúar Heimilis og skóla komu saman um helgina á ráðstefnu undir yfirskriftinni **Vitundarvakning í foreldrasamfélaginu**. Ráðstefnan var haldin í Hofsstaðaskóla í Garðabæ og var gestunum kynnt starfsemi skólans og foreldrasamstarf þar í bæ. Þétt dagskrá var báða dagana og voru m.a. haldnir fyrirlestrar um mikilvægi samvinnu heimila og skóla en auk þess hvernig hægt er að hvetja foreldra til að taka þátt í foreldrasamstarfi. Einnig var boðið upp á örnámskeið í framsögn.

Ráðstefnan þótti takast vel og er áhugavert að sjá hversu vel svæðasamtökunum hefur tekist til og ánægjulegt hve mörg ný samtök eru í startholunum. Skapaðist því kjörinn vettvangur til að bera saman bækur sínar og deila af reynslunni.

Fulltrúar á þinginu fyrir hönd Grunnskóla Seltjarnarness voru Svandís Bergmannsdóttir og Sjöfn Þórðardóttir

LOKAHÁTÍÐ STÓRU UPPLESTRARKEPPNINNAR VALHÚSASKÓLI Í 1. SÆTI!

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Tónlistarskóla Garðabæjar 20. mars. Í þetta sinn kepptu fulltrúar Grunnskóla Seltjarnarness - Valhúsaskóla til úrslita við nemendur þriggja skóla í Garðabæ, Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla. Fyrir hönd Valhúsaskóla kepptu: Árni Beinteinn Árnason, Ólafur Sverrir Stephensen, Stefanía Bergljót Stefánsdóttir og Sölvi Rögnvaldsson. Þrettán nemendur stigu á stökk í lokakeppninni og lásu samfelldan texta úr bókinni Sjáumst aftur eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur, ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og ljóð að eigin vali.



Allir nemendur sem fram komu stóðu sig mjög vel en úrslit keppninnar urðu þau að Sölvi Rögnvaldsson úr Valhúsaskóla varð í 1. sæti, Húgrún Elvarsdóttir úr Hofsstaðaskóla í 2. sæti og Erla Ylfa Óskarsdóttir úr Flataskóla í 3. sæti. Verðlaun fyrir upplestur á ljóði að eigin vali hlaut Árni Beinteinn Árnason úr Valhúsaskóla. Í hléum voru atrið frá öllum skólunum. Hljómsveit drengja í 7. bekk Valhúsaskóla flutti tvö lög við góðar undirtektir áheyranda.

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR Á LÍÐAN UNGS FÓLKS Á SELTJARNARNESI KYNNTAR

Á fundi sem foreldrafélagið stóð fyrir í sal Valhúsaskóla þriðjudaginn 27. febrúar sl. voru niðurstöður könnunar Rannsóknar og Greiningar á líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi kynntar. Álfgeir Logi Kristjánsson hjá Rannsókn og Geiningu og lektor við Háskólann í Reykjavík kynnti niðurstöðurnar. Rannsóknin beindist að högum og líðan nemenda í 9., og 10. bekk á Seltjarnarnesi. Þar var horft til neyslu ungmenna á áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við ungmenni utan bæjarfélagsins. Markmiðið var að kanna neyslu á tóbaki og hversu algeng vímuefnaneysla væri hjá þessum aldurshópi. Einnig var greint frá niðurstöðum er snertu félagslegt umhverfi ungmenna á Seltjarnarnesi og gerður samanburður við ungmenni annars staðar frá. Með því að bera stöðuna saman við önnur sveitarfélög er auðveldara að átta sig á því hvaða þættir í félagslegu umhverfi ungs fólks á hverjum stað þarfnast nánari skoðunar og ef til vill aðgerða. Þá hafa áður verið gerðar sams konar kannanir og því hægt að bera saman niðurstöðurnar milli ára.

Tóbaksnotkun: Dagleg neysla tóbaks hjá tíundubekkingum á Seltjarnarnesi hefur dregist saman ef bornar eru saman tölur frá árinu 1998. En þá reyktu alls 26% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi daglega en nýjustu tölur sýna fram á að hlutfallið sé 9%. Hlutfallið var lægst árið 2003 eða um 4% en hefur síðan farið hækkandi. Samanborið við höfuðborgarsvæðið og á landsvísu þá hafa daglegar reykingar meðal nemenda á Seltjarnarnesi verið fátíðari. Ef litið er til munn- og neftóbaksnotkun þá er strákar á Seltjarnarnesi mun líklegri en samanburðarhóparnir til að hafa notað slík efni einu sinni eða oftar síðustu 30 daga. **Áfengisneysla:** Hvað varðar áfengisneyslu nemenda í 8., 9., og 10. bekk á Seltjarnarnesi þá kemur í ljós að 44-46% tíundubekkinga hafa orðið ölvaðir einhvern tíman um ævina. Það hlutfall hefur hækkað jafnt og þétt frá árinu 2002. **Niðurstöður meðal 9. bekkinga á Seltjarnarnesi sýna einnig fram á að um aukningu sé að ræða í áfengisdrykkju.**

Neysla annarra vímuefna:

Árið 2003 voru nemendur í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi síður líklegir til að hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, en ef litið er til niðurstaðna fyrir 8. bekk það ár þá voru það hlutfallslega fleiri nemendur á Seltjarnarnesi sem höfðu notað hass einu sinni eða oftar um ævina. Niðurstöður nú í ár sýna svipaða mynd.

Samvera foreldra og unglinga:

Samkvæmt tölum frá árinu 2003 þá virðist sem samvera drengja með foreldrum sínum hafi aukist og eru það sambærilegar tölur og kemur fram hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu. Öðru máli gegnir hins vegar um stúlkurnar á Seltjarnarnesi, miðað við samanburðarhópana, því það hlutfall virðist hafa lækkað milli árana 2003-2006. Miðað við samanburðarhópana þá eyða stúlkur á Seltjarnarnesi samt sem áður meiri tíma með foreldrum sínum.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar á þáttum sem snúa að því hversu vel nemendur telja að það eigi við um þá að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin má sjá að nú af hverjum tíu nemendum á Seltjarnarnesi svarar að slíkt eigi mjög eða frekar vel við um þá. Hér skera nemendur á Seltjarnarnesi sig úr og er hlutfallið miklu hærra meðal þeirra í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landinu í heild.

Nám og skóli: Viðhorf unglinga á Seltjarnarnesi til náms virðist vera jákvæðara en á öðrum svæðum ef litið er til niðurstaðna þessarar rannsóknar.

Íþrótt og tómstundaiðkun: Þátttaka unglinga á Seltjarnarnesi í íþróttum hefur aukist frá árinu 2003 og er jafnframt mun hærra hlutfall en meðal unglinga á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild.

Viðhorf til heimabyggðar og framtíðarhorfur: Viðhorf stúlkna og drengja á Seltjarnarnesi til bæjarfélags síns virðist vera nokkuð líkt. Um 88% drengja og 85% stúlkna í 9. og 10. bekk eru mjög eða frekar sammála því að félagslífið sé gott í þeirra bæjarfélagi.

Skýrsluna á pdf formi má nálgast á vefsvæði bæjarins www.seltjarnarnes.is undir félagsmál.

Fjölbreytt málefni hjá foreldraráði í vetur



Foreldraráð hefur haft ýmis málefni til umfjöllunar í vetur, sem flest tengjast innra starfi skólans og faglegrí þróun skólustarfsins. Þessi mál hafa verið rædd við skólastjórnendur, skólanefnd, nemendaráð, kennararáð, framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs og fleiri aðila. Við í foreldraráði viljum nota tækifærið og þakka þessum aðilum einkar ánægjulegt samstarf í vetur. Við höfum fengið greinargóðar upplýsingar, góðar móttökur og orðið vör við mikinn vilja til að byggja upp framúrskarandi skólustarf á Seltjarnarnesi. Nokkur málefni sem fjallað hefur verið um hjá foreldraráði í vetur eru hér að neðan. Nánar má lesa um málefni foreldraráðs í fundargerðum á www.nesforeldrar.is.

- **Skólanámskrá:** Foreldraráð benti í fyrra á nauðsyn þess að endurbæta skólanámskrá í samræmi við nýja skólasstefnu. Eftir áramót hóf skólinn metnaðarfulla vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár. Foreldraráð fylgist vel með framvindu þessarar vinnu, enda er þetta einstakt tækifæri til að móta stefnu og faglegt starf í nýjum sameinuðum skóla.
- **Eineltismál:** Eineltismál hafa oft borið á góma í vetur, enda um mjög mikilvægt málefni að ræða. Foreldraráð hefur oft hvatt skólann til að innleiða Olweusar-áætlunina sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja einelti. Verkefnið hefur borið mjög góðan árangur í fjölmörgum skólum á Íslandi. Skólastjórnendur íhuga nú þennan möguleika ásamt öðrum möguleikum.
- **Mötuneyti Való:** Mötuneyti Való hefur verið “vinsælasta” umræðuefnið í vetur :) Raðamenningu var komið á í mötuneytinu eftir mikinn þrýsting frá foreldraráði. Var það mjög til bóta. En betur má ef duga skal. Foreldraráð hefur þrýst á um fjölbreyttari matseðil og bættar aðstæður til að koma í veg fyrir langar raðir. Niðurstaða er enn ekki fengin í þessum málum og miðar mjög hægt.
- **Gjaldskrá Skólaskjól:** Foreldraráð benti á ósamræmi í gjaldskrá Skólaskjólins sem var leiðrétt eftir umræður við viðeigandi aðila.
- **Frímínútnagæsla:** Frímínútnagæsla í Mýró hefur verið stórbætt með betra skipulagi og með þátttöku kennara og 6. bekkingar í gæslunni. Skólinn á mikið hrós skilið fyrir það! :) Gangavarsla í Való hefur veid misgód í vetur m.a. vegna manneklu og starfsmannabreytinga. Þetta er áhyggjuefni þar sem gangaverðir gegna mikilvægu hlutverki í að stuðla að góðum samskiptum í skólanum.
- **Endurbætur á kjallara Mýró:** Foreldraráð hefur gert athugasemdir vegna fyrirhugaðra endurbóta á skólahúsnæði í kjallara Mýró og telur þær ekki í takt við aukinn sveigjanleika í kennsluháttum.
- **Deiliskipulag skóla og íþróttasvæðis:** Eftir ósk frá foreldraráði hélt skipulagsnefnd kynningarfund fyrir foreldraráð og foreldrafélag um nýtt deiliskipulag skóla og íþróttasvæðis. Foreldraráð skilaði inn athugasemdum við deiliskipulagið og lýsti m.a. eftir aðgerðum til að tryggja öryggi barna vegna stórauðinnar umferðar við Sudurströnd með tilkomu nýrrar heilsuræktarstöðvar.
- **Skipulag nýrra skólalóða:** Foreldraráð fylgist með starfi vegna skipulags nýrra skólalóða Mýró og Való og verður umsagnaraðili á seinni stigum hönnunar. Greinilegt er að skólanefnd hefur mikinn metnað til að byggja upp stórbættar skólalóðir með fjölbreytt skólustarf og vellíðan barnanna að leiðarljósi.

Hvað gera foreldraráð og foreldrafélag?

Verkefni foreldraráðs og foreldrafélags eru fjölbreytt en miða öll að því að efla samstarf heimilis og skóla og að stuðla að betra skólustarfi þ.e. **að auka ánægju og vellíðan barna og foreldra á Seltjarnarnesi.**

Margir foreldrar eru óvissir á því hvað foreldraráð og foreldrafélagið gera. Hér er tafla sem skýrir þetta nánar:

	Foreldraráð	Foreldrafélag
Hvað?	Foreldraráð kemur skoðunum foreldra á skólustarfinu á framfæri við skólastjórnendur og skólanefnd.	Foreldrafélagið eflir og styrkir samstarf foreldra í skólanum og stuðlar að góðum skólaanda.
Hvernig? (Dæmi)	<ul style="list-style-type: none"> • Fylgist náið með skólustarfinu, áætlunum og framkvæmd þeirra. • Hittir skólastjórnendur mánaðarlega • Situr skólanefndarfundum sem haldnir eru u.þ.b. mánaðarlega. • Samstarf við foreldrafélag 	<ul style="list-style-type: none"> • Skipuleggur viðburði, skemmtanir og fræðslufundi • Styður og hvetur bekkjarfulltrúa til að efla bekkjaranda og foreldrasamstarf • Umsjón með foreldrarölti • Samstarf við foreldraráð
Hverjir?	Fjórir foreldrar, tveir úr Mýró og tveir úr Való, kosnir á aðalfundi.	Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu, 30 foreldrar eru bekkjarfulltrúar og 9 foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins, kosnir á aðalfundi.

Í apríl verður aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs og hvetjum við áhugasama foreldra til að bjóða fram krafta sína í foreldrastarfinu. Það er margsannað að öflugt foreldrastarf í skólum **hefur jákvæð áhrif á skólustarf, námsárangur og vellíðan barna í skólanum!**

Öskudagurinn - þarf að breyta honum?

Það var mikið fjör á öskudaginn eins og venjulega, með virkri þáttöku barnanna, foreldra, starfsfólks Selsins og síkemmaftakrafta. Í ár bar öskudaginn upp daginn fyrir vetrarfrí og var það samdóma álit þeirra sem að deginum koma að það er ekki sérlega heppilegt, mun færri komu á skemmtunina en venjulega og þá sérstaklega á þessa seinni. Það er leiðinlegt þegar margir eru búnir að leggja vinnu á sig við að gera sem best og svo er ekki áhugi fyrir hendi. Það er því alveg spurning um hvort ekki er sniðugra að hafa aftur bara eina skemmtun og þá fyrir að deginum þannig að hún trufla ekki þá sem ætla úr bænum.

Þeir sem komu skemmtu sér að sjálfsgöngu hið besta, hin síkátta leikkona Bryndís Ásmundsdóttir var kynnr og leikatriði úr Abbababb, Lalli töframaður og Jónsi og svo var mikið dansað.

Þökkum öllum fyrir góðan dag og sjáumst hress að ári.

Hér fyrir neðan sést Thelma Hrund í líki veilsuorðs, afar frumlegt og vel útfært!!!!

Mann langaði mest að smakka á kræsingunum!




Aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs verður haldinn þann 24. apríl 2007 klukkan 20:00. Að loknum aðalfundarstörfum verður fyrirlestur um örugga netnotkun barna (eithvað sem allir þurfa að kynna sér, er það ekki?) Mætum öll!

FÉLAGSGJÖLD

Nú á vordögum var gjald í fyrsta sinn innheimt í hinu nýsameinaða foreldrafélagi. Ákveðið hafði verið að innheimta 1500 krónur á barn og engan systkinaafslátt til að hafa þetta sem einfaldast. Þó fannst sumum ruglingslegt að fá marga gíróseðla og eithvað var um að foreldrar fengju sitthvorn seðilinn. Vonumst við til að þessir byrjunarerfiðleikar séu að baki og hvetjum foreldra til að hafa samband við foreldrafélagið beint ef spurningar eru varðandi gjöldin. Ritarar skólanna eru lítið inni í þessum málum þó þær séu hafsjór upplýsinga!!!

Ef einhver vill borga en er ekki með gíróseðil má leggja inn á reikning
512-26-5711
571193-2809-setja nafn barns sem skýringu

Foreldrafélagið og
foreldraráð óskar
ykkur gleðilegra
páska



Enn er tími til að gera eithvað skemmtilegt með bekknum. Frést hefur af ákaflega virkum bekkjarfulltrúum í vetur en annars staðar hefur lítið gerst....er ekki ráð að bæta úr því, þetta er nú ekki svo mikið mál!!!! Hér eru nokkrar þrælgóðar hugmyndir...

- gönguferð/fjallanga (t.d. með gistingu í skála eina nótt)
- gista í Gróttu
- skákkvöld
- bingó
- ganga (með leiðsögn), t.d. í Öskjuhlíð
- hittast á kaffihúsi
- fara í bíó /leikhús
- jólaföndur
- búa til keramikgripi á verkstæði úti í bæ
- félagsvist
- skautahöllin
- hjólaferð
- skoða fyrirtæki
- keila
- grilla í Heiðmörk